

# „Sjálfum sér eru þeir ennþá líkir sumir herrarnir hérna“

Jónasi Hallgrímssyni var látið í té fyrrum fangelsi þar sem hann gæti komið fyrir upphafi að „íslensku safni í Reykjavík“, á þeim tíma er eljaraglettur voru milli danskra kaupmanna og bæjarfógeta út af íslensku. **Pétur Pétursson** rifjar upp sögu húss sem lengi var aðsetur Siemensbræðra, steinsnar frá Stiptamtmanhúsi og Stjórnarráði.

**N**AUMAST líður sá dagur að ekki sé rætt og ritað um stórfamkvæmdir í höfuðborginni, sem eigi að lyfta menningarlífi þjóðarinnar í slíkar hæðir að annað eins hafi aldrei þekkt. „Stílltu þig gæðingur,“ var einhverntíma sagt. Um leið og framfaraspor eru stigin þarf að læra af fyrri mistökum í byggingarsögu borgarinnar. Hver man nú „framfarasókn“ þá sem var á dagskrá fyrir allmörgum áratugum þegar nauðsynlegt þótti að ryðja úr vegi fyrsta húsi, sem reist var með leyfi nýskipaðrar byggingarnefndar Reykjavíkur árið 1839? Húsið stóð í Hafnarstræti og var eitt hið sérstæðasta. Stílhreint og reisulegt, án yfirflættis. Norðan þess liðaðist lygn bæjarlækur til sjávar. Handan lækjarins reis hús eitt reisulegt, í svipuðum stíl. Þar var um langt skeið aðsetur ædstu stjórnar landsins, stiptamtmaður og stjórnarráð. Fyrrgreinda húsið stakki í stúf við umhverfi sitt hvað varðaði klæðningu og þak. Það var klætt með skífum og þótti að því mikil þryði í umhverfi húsa sem ýmist voru tréklædd eða hlaðin úr torfi og grjóti.

Peir sem stóðu fyrir smíði hússins róktu ættir sínar til heitari landa.

Í bók þeirra Björns Th. Björnssonar og Leifs Þorsteinssonar ljósmyndara er birt ljósmynd af húsi Siemensbræðra eins og það var árið 1882. Þar sjást lækurinn, kalkofninn, en kalkið, sem þar var unnið, var sótt í Esjuna, sem gnæfir í baksvín. Sunnanmegin við húsið er grasflöt. Þar eru allmargir gróðurreitir, kassar þar sem sáð var fræjum og laukum, sem þryddu umhverfi sitt er leið á sumar og færðu björg í bú með matjurtum. Húsið stóð ennþá árið 1969 er bók Björns Th. og félagi hans birtist. Þá var umhverfið breytt frá því sem áður var. Gróður hafði vikið fyrir malbiki og nú varð hið sögufræga og fagra hús að vikja fyrir malbiki og hverfa, til þess að bifreiðar borgaranna gætu aukið hraðann og komist leiðar sinnar „í erindisleysu með dugnaðarfasa“, sem einkenndi allt mannlíf í sívaxandi höfuðborg.

Jón Guðmundsson, fornvínur og félagi Jóns Sigurðssonar forseta, ritari vini sínum og vopnabróður athyglisverð bréf hvorn daginn eftir annan, 3. og 4. mars 1848. Um þær mundir er mikil ólga á meginlandi Evrópu og bylgyr frelsishreyfinga brotna í viku og vogum Ísafoldar. Jón Guðmundsson ritar um það, sem hann kallar „eljaraglettur nokkrar milli danskra kaupmanna og bæjarfógeta út af íslensku“. Bæjarfógetinn Stefán Gunnlaugsson lét festa upp auglýsingu og birta með trumbuslætti: „Íslensk tunga á best við í íslenskum kaupstað hvað allir athugi.“ Næturvörðurinn var láttinn hrópa á íslensku sama kvöldið. Þetta kom fyrir amtíð, og mun Rosenörn (amtanni) ekki hafa líkað aðferðin með öllu, en þó lét hann „allt standa sem komið var“. Hér á bréfarinn við uppþot það er varð út af tiltæki Stefáns landfógeta Gunnlaugssonar er hann lét næturvörðinn hrópa tilvitnuð ummæli.

## Höjst uppasende að vilja brúka svona íslensku

Bréf Jóns Guðmundssonar er hann ritari degi síðar, hinn 4. mars, er svo hljóðandi: „Sjálfum sér eru þeir



Carl F. Siemsen tók virkan þátt í verslun, viðskiptum og bæjarmálum.




Jón Guðmundsson, ritstjóri Þjóðólfs (1852-1874), var skrifari landfógeta. Hann vildi að fundargerðir væru ritaðar á íslensku.



Robert Peter Tærgesen krafðist þess að fundargerðir byggingarnefndar væru ritaðar á dönsku.

ennþá líkir sumir herrarnir hérna. Í dag var hér byggingarnefndarfundur, og var eg í forföllum bæjarfógetans eins og fullmektugur hans á fundinum og ætlaði eg að rita það, sem gjörðist, á íslensku (það hefir að vísu sjaldan verið gjört –), en Tærgesen varð æfur og kvaðst fara, ég sagði að það mætti vera, en justtr, Kúsi og Jónassen studdu hans mál, svo allir urðu á því að rita á dönsku; nú geingur Kúsi að því búnu um allan bæ og hælir sér af þessu og þykist hafa unnið frægt verk; við einn, sem mælti móti honum, sagði hann, „að það væri höjst uppasende að vilja brúka svona íslensku, þar sem bæði væru danskir menn í stjórninni, og allir skildi dönsku fyrst við værum svo afhængige hinni dönsku þjóð og uppá hana komnir, og það væri synd að vilja styggja svo þá dönsku innbúa staðarins. Jónassen kvað alltaf rita í gjörðabók fulltrúanna (hann er oddviti þeirra) á dönsku; við bæjarfógetinn (Stefán



Hús Siemensbræðranna við Hafnarstræti. Þetta var fyrsta húsið sem reist var eftir að byggingarnefnd var skipuð. Sunnan við húsið eru gróðurreitir. Hvarvetna mátti greina spor þeirra bræðra og er þeirra víða getið í bókum fræðimanna.



„Sigríður í klúbbnum“ sem Jónas Hallgrímsson segir frá í bréfi sínu og kenndi við veitingastaðinn þar sem hún hafði gengið um beina. Hún var dóttir Þorsteins lögregluþjóns í Brunnhúsum. Edvard Siemsen var eiginmaður hennar.

Gunnlaugsson) ritum samt í gjörðabók bæjarstjórnarinnar á íslensku; svo var áætlunin rituð og send amtanni en hann samþykkti hana með áteiknun á íslensku; hann ritar og á öll sakamál, sem ganga til og frá Yfirrétti, á íslensku. Rosenörn kvað líka skopast að þeim íslensku herrunum hér, hvað þeim liggur í léttu rúmi um móðurmál sitt. Um þetta getur maður víst enga klausu fengið prentaða í Reykjavíkurbókstínum.

Hér vitnar bréfaritari í málgaun þeirra Páls Melsteðs sagnfræðings og Þórðar Jónassens dómstjóra. Kveðst ekki vænta þess að hann fái birtar greinar er gangi gegn álitni útgefenda. Til fróðleiks má geta þess að Páll Melsteð birti frásögn um sigurför íslenskra kartafna á garðyrkjuþýningum í Belgíu um þessar mundir. Útsæðiskartöflur voru sendar héðan með skonnortunni „Reykjavík“, sem var í eigu hr. Siemsen og flutti sendingu frá Þórði Sveinbjörnssyni, dóm-

stjóra sem þá bjó í Nesi við Seltjörn.

## Menningarástand Reykjavíkur

Í manntali Reykjavíkur 1845 er Carl Franz Siemsen búsettur í Siemsenhúsi sem síðar verður Hafnarstræti 23. (Það var nefnt hjá Siemsen austur frá.) Hann er fæddur í Glücksburg í Holstein. Kona hans Caroline sem er 32 ára er einnig fædd þar. Hjá þeim er sonur þeirra Carl. Hann er fimm ára, fæddur í Flensburg. Í húsinu búa einnig Peter Brunswich assistent, 19 ára, fæddur í Kaupmannahöfn og Wilhelmine Kallenborg ráðskona, 21 árs, fædd í Rindsborg.

Bræðurnir Carl Franz og Edvard Siemsen koma báðir við sögu Reykjavíkur. Þeir gerðust báðir borgarar Reykjavíkur og tóku virkan þátt í verslun, viðskiptum og bæjarmálum. Bræðranna er víða getið í bókum fræðimanna. Þeir koma víða við sögu framfaramála. Hvarvetna má greina spor þeirra bræðra. C. Fr. Siemsen

stýður starfsemi barnaskóla. Hann styrkir sjúkrahús. Vill stofna banka og kaupþing. Flytur hingað andblæ evrópskrar kaupþýslu og menningarmála. Jónas Hallgrímsson nefndir hann sem forgöngumann um varðveislu náttúrugripa í bréfi sínu til Japhetus Steenstrups.

Jón Helgason biskup, fjölfróður og iðjúsamur sagnfræðingur, skráir at-hafnasögu Siemensbræðranna í bókum sínum. Hann segir frá kaupþýslu þeirra bræðra. Um Carl Franz Siemsen segir hann: „Þjóðverji nokkur, Carl Franz Siemsen hafði sett á stofn einu þýsku verslunina hér á landi í þá daga.“ Carl Franz hafði fyrst verið búsettur hér í bæ, en fluttist héðan til Hamborgar. Þá tók bróðir hans Edvard við forstöðu verslunarinnar og hafði hana á hendi allt til ársins 1878.

Edvard kom hingað upphaflega sem stýrimaður á skipi bróður síns. Hann kvænist alíslenskri konu Sigríði Þorsteinsdóttur, „Sigríði í klúbbnum“ eins og Jónas Hallgrímsson kallar hana í bréfi til Japhetus Steenstrups náttúrufræðings. Jónas bregður á glens til Steenstrups er hann skrifar í örbirgð sinni og vesöld í Reykjavík í nóvember 1841. Hann nefnir þar ýmsa þá sem Jón Guðmundsson hafði ritað um í bréfi sínu er frá var sagt.

Jónasi Hallgrímssyni tekst að lýsa sorg og óhamingju, gleði og lífshamingju, örbirgð og lánleysi, í fáorðu bréfi til vinar síns. Hann minnst þar Stefáns landfógeta, Siemensbræðranna Carls og Edvards. Við sjáum glögg menningarástand Reykjavíkur, örvæntingarfulla og vonlausu baráttu „listaskáldsins góða“ fyrir vísindalegu starfi náttúrufræðinga. „Það verður hlegið að mér og Ísland verður af safninu,“ segir hann um áform sitt um náttúrugripasafnið.

Jónas þekkir vel konuefni Edvards Siemsen. Hann kannast við hana úr Klúbbnum þar sem hún hafði gengið um beina. Það gerði líka Málfríður Sveinsdóttir á sínum tíma.

## Upphafið að „íslensku safni í Reykjavík“

Bréf Jónasar Hallgrímssonar til J. Steenstrups eins og það birtist í Bréfum til Jóns Sigurðssonar í útgáfu Hins íslenska bókmenntafélags, sem þeir stýrðu Bjarni Vilhjálmsson, Finnboði Guðmundsson, Jóhannes Halldórsson og Einar Laxness:

Bærinn átti gamalt fangelsi sem nú hefur verið lagt niður „sem miður hentugt“.

Þetta húsnæði hefur hið háa og





„Íslensk tunga á við í íslenskum kaupstað, hvað allir athugi.“ Guðmundur Gissurarson, næturvörður í Vaktarabænum. Teikning eftir Albertus van Beest.

vitra yfirvald látið mér í té svo ég geti sett þar eitthvað upp sem ætti að vera upphafið að „íslensku safni í Reykjavík“ og sameinað skólanum þegar að því kemur hann flytjst hingað. Þetta er þó í áttina! Vesalingsfanginn minn hrópar á hjálp og frelsi, og mikil aðstoð getur, hlýtur og mun áreiðanlega veita honum það.

*Tvítök óskast, flokkuð nákvæmlega, af öllum íslenskum náttúrugripum sem dönsku söfnin eiga og geta verið án (ef undan eru skilin hryggdýrin sem við sjálfir munum ugglaustráða fram úr með).*

Í öllum guðanna bænum! Eitthvað verður að berast með vorinu; mín góða áætlun kollsteypist annars, það verður hlegið að mér og Ísland verður af safninu. Í stuttu máli sagt: Ef svo fer, fæ ég ekkert afdrep í hinu nýja, fyrirhugaða skólahúsi og verð að selja safnið mitt hamhlepunni Siemsen!! Skilaðu þessu, kæri vinur, til Reinhardts og Forchhammers og láttu þá skilja að komist safnið á laggirnar geti það með tíð og tíma orðið hinum söfnuðum drjúgur lífsstyrkur.

Þegar ég hef nú sagt þér allt af létta um þetta sný ég mér eins og til heyrir að öðru. Langar þig að heyra bæjarfréttir úr greninu okkar, þessum óviðjafnanlega útskækli? Harmur – ó já – nóg er af honum. Kona Stef-

áns Gunnlaugssonar landfógeta lést nýlega af barnsforum eftir að hafa alið honum tvíbura – dreng og stúlku – sem grafin voru með móður sinni. – Gleði – hana er einnig að finna. Hr. Edvard Siemsen hefur tekið sér fyrir konu Sigríði í klúbbnum og sonur þeirra var skúrður í gær. Hann kærði sig kollótta, þessi ótamdi æringi, og leit dagsins ljós á búaðkaupsdaginn. –

Afkomendur Siemensena eru fjölmennir hér í borg. Nefna má Einar B. Pálsson verkfræðing, Ólaf verkfræðing, Franz Eduard deildarstjóra og Þórunni Soffiu, húsfú. Börn Magnúsar Kjaran stórkaupmanns voru af ætt Siemens. Móðir þeirra var Soffía dóttir Franz Eduards Siemensens sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Franz Eduard Siemsen varð sýslumaður í Hafnarfirði, Árni Siemsen stórkaupmaður og ræðismaður Íslands í Lübeck var sonur hans. Synir Árna eru Franz og Ludvig kunnir verskunarmenn. Caroline Siemsen, eiginkona Ottós Þorlákssonar og móðir Hendriks Ottóssonar, var dóttir Hendriks J. Siemens. Af börnum þeirra eru margir afkomendur, Áskell Músson tónskáld meðal þeirra.

*Höfundur er þulur.*

# Samsett verk

## MYNDLIST

Hafnarborg

MÁLVERK INGE JENSEN

Til 11. febrúar. Opíð miðvikudaga til mánudaga frá kl. 11–17.

INGE Jensen frá Mo i Rana, í Noregi, sýnir fimmtán málverk í aðalsal Hafnarborgar. Eins og svo margir samlandar hans virðist Jensen hafa orðið djúpt snortinn af ný-expressjónisma þeim sem ruddi sér til rúms í listaheiminum í byrjun níunda áratugarins. Nýja málverkið, eins og fyrirbærið er gjarnan nefnt hér heima, var að vísu afar misjafnt og margvíslegt. Það gat gengið á með expressjóniskum tóktum fengnum frá Þýskalandi, en ný-expressjónisminn á þeim bæ var jafnfjölbreytilegur og málarnir voru margir.

Þannig er varla nokkur samnefni til með þeim Baselitz, Penck, Lüpertz, Immendorf og Kiefer annar en striginn og málaraþræjurnar. Ef aðrir ný-expressjónistar eru dregnir inn í púlúna vandast málið enn frekar. Hvar á að skipa Oehlen-bræðrunum, Kippenberger, Walter Dahn eða Polke? Eru þeir einnig ný-expressjónistar? Þá eru ótaldir allir þeir sem komu frá öðrum löndum, Ítalíu, Bandaríkjunum, Sviss og Austurríki.

Svo virðist einmitt sem ýmislegt hafi skolast til í áhrifaflóðinu sem Inge Jensen mætti í upphafi ferils síns, en hann lauk námi úr Listakademíu Vesturlands í Björgvin, árið 1983. Við nánari athugun er það nefnilega harla lítið sem finna má af ný-expressjónisma í verkum málarans, en þeim mun meira af eldri stílbrigðum, einkum fengnum frá Parísarskóla fimmta



„Dyr II“, eitt af verkum Inge Jensen.

og sjötta áratugarins og skyldum evrópskum útbúum hans í Þýskalandi, Ítalíu og víðar.

Jensen setur gjarnan saman verk sín úr smærri einingum. Þessum smárömmum raðar hann utan

um einhvers konar kjarna, sem einnig getur verið samsettur úr smærri römmum. Í kjarnanum er oft að finna einhvers konar hraunkennt víravirki, en slíkar skreytikemndar, upphleyptar línur – stundum fengnar beint úr túpunni – þekja margar myndir málarans. Einnig getur ramminn sem smáferningarnir mynda utan um kjarnann verið skafinn í þar til gert mynstur svo úr verður skrautkennd, þrykkættuð endurteking.

Frómt frá sagt eru verk Inge Jensen alltof yfirveguð til að kallast expressjónisk. Málarinn virðist hvergi gleyma sér við gerð þeirra, enda vakir sjálfsgaft það eitt fyrir honum að búa til skrautleg mynstur til að minna á Pollock, án þess að hamsleysi kúrekans góða frá Wyoming fæli frá hugfangna áhorfendur. Aðeins eitt verk á sýningunni virtist geta vísin til að minna á Pollock, en þess að hamsleysi kúrekans góða frá Wyoming fæli frá hugfangna áhorfendur. Aðeins eitt verk á sýningunni virtist geta vísin til að minna á Pollock, en þess að hamsleysi kúrekans góða frá Wyoming fæli frá hugfangna áhorfendur. Aðeins eitt verk á sýningunni virtist geta vísin til að minna á Pollock, en þess að hamsleysi kúrekans góða frá Wyoming fæli frá hugfangna áhorfendur.

Halldór Björn Runólfsson



## Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði

### Kynningarfundur frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins vegna bæjarstjórnarkosninga í Hafnarfirði 2002

Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði kynnir frambjóðendur í prófkjöri flokksins vegna komandi bæjarstjórnarkosninga á opnum fundi á veitingastaðnum Skútunni, mánudagskvöldið 4. febrúar kl. 20:00.

Tónlistarflutningur á vegum Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Bæjarbúar eru hvattir til að mæta og kynnast frambjóðendum flokksins



Helga R. Stefánsdóttir, húsmodir.



Sigurlín Sveinbjarnardóttir, aðstoðarskólastjóri.



Sigurður Freyr Árnason, sölustjóri.



Ragnhildur Guðmundsdóttir, háskólanemi.



Steinunn Guðnadóttir, bæjarfulltrúi.



Valgerður Sigurðardóttir, forseti bæjarstjórnar.



Sigurður Einarsson, arkitekt.



Gissur Guðmundsson, rlm. - bæjarfulltrúi.



Magnús Sigurðsson, verktafi.



Vilborg Gunnarsdóttir, tannsmíðameistari.



Leifur S. Garðarsson, aðstoðarskólastjóri.



Ágúst Sindri Karlsson, lögmaður.



Magnús Gunnarsson, bæjarstjóri.



Þóroddur S. Skaptason, löggiltur fasteignasali.



Haraldur Þór Ólason, framkvæmdastjóri.



Almar Grimsson, lyfjafræðingur.

Heimasíða: [www.xdhafnarfjordur.is](http://www.xdhafnarfjordur.is) - Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## Fjölskylduhelgar í Vatnaskógi

8.–10. og 15.–17. febrúar

Nú geta fjölskyldur átt góðar stundir í Vatnaskógi, því Skógarmenn KFUM standa fyrir tveimur fjölskylduhelgum í febrúar. Vatnaskógur er sannkölluð paradís fyrir fjölskyldufólk og dagskráin miðast við að allir njóti sín.

- Fræðslustundir fyrir foreldra og börn
- Íþróttir, úti og inni
- Kvöldvökur
- Listasmiðja
- Gönguferðir
- Guðsþjónusta

Hámarksverð fyrir fjölskyldu er 13.000 kr. Skráning og nánari upplýsingar í síma 588 8899 á milli kl. 10 og 17 eða á [kfum@kfum.is](mailto:kfum@kfum.is) fyrir 6. febrúar 2002.